

Til upplýsingar:

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020

Lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018

Kynja- og jafnréttissjónarmið við hönnun og birtingu auglýsinga

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018 er kveðið á um bann við mismunun í auglýsingum.

Lög nr. 150/2020:

23. gr.

Auglýsandi og aðilar sem hanna eða birta auglýsingu skulu sjá til þess að auglýsingin sé tilteknu kyni ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jöfnum rétti kynjanna á nokkurn hátt. Óheimilt er að birta slíka auglýsingu í fjölmiðlum eða á öðrum opinberum vettvangi.

Úr lögum nr. 85/2018:

11. gr.

Auglýsandi og sá sem hannar eða birtir auglýsingu skulu sjá til þess að auglýsingin sé einstaklingum af tilteknum kynþætti eða þjóðernisuppruna ekki til minnkunar eða lítilsvirðingar eða stríði á nokkurn hátt gegn jafnri meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna. Óheimilt er að birta slíka auglýsingu í fjölmiðlum eða á öðrum opinberum vettvangi.